

# HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1907.

11. blað.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

## ● MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA ●

### FYRSTA VETRARKVELD.

Komið rókur— fölur flýja varð  
Flóttamaður, dagur smár og léttur.  
Gægist fölvaskað fyrsta mánans barð  
Fyrir brekkuhorn á austursléttu.  
Kveldstjarnanna nætur-glætur glitra,  
Gráa niðr um skýjabólstra sitra.

Gengt í norðri heyri' eg háan klið,  
Hljóðlát nóttein fer ei ein á vegi.  
Veðurhljóðið heldur spori við  
Hófadýnur—jóa tvo eg eygi  
Út af skýja skjaldborg norðurbakka  
Skeiða fram með hríðarkembda makka.

Situr þar í klaka-kristals reið  
Kongur Vetur, stýrir vindum nætur.  
Fáka þenur, þeysir suðr á leið,  
Þyrlast snjó um kerru sína lætur.  
Hjólin spinna hækkað fanna kyngi,  
Hræðist Vetur ei að stormar spryngi.